

**LÖG**

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Landssmiðjuna.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja hlutafélaginu Landssmiðjunni hf., Reykjavík, ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna.

2. gr.

Heimilt er að lána kaupanda hluta af söluandvirði með verðtryggðum kjörum til allt að 10 ára gegn þeim tryggingum sem ráðherra metur gildar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 102 23. júní 1936, um Landssmiðju, með síðari breytingum.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Sverrir Hermannsson.*

**LÖG**

**um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 75/1983, breytist með svofelldum hætti:

1. og 2. málslíður 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greitt til og með 31. desember 1985 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Albert Guðmundsson.*